

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi Rjúkandavirkjunar í Snæfellsbæ.

Samkvæmt skipulagslögum samþykkti bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 3. október sl. óverulega breytingu á deiliskipulagi Rjúkandavirkjunar.

Í deiliskipulagstillögunni er breyting gerð á uppdrætti og í greinargerð.

Á uppdrætti felst breytingin í því að lóð fyrir spennivirki á reit 0-15, stækkar úr 2.500 fermetrum í 4.900 fermetra. Byggingarreitur verður afmarkaður 2.700 fermetrar að stærð.

Í greinargerð verður leyfilegt að byggja nýtt spennahús fyrir RARIK og hús fyrir tengivirki Landsnets. Tímabundinn malarpúði vegna framkvæmda er leyfilegur utan lóðar. Gengið verður frá svæðinu þannig að það verði sem næst upprunalegu ástandi þess.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Snæfellsbæ, 14. nóvember 2018.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Ásdís Lilja Pétursdóttir.